

Visthúsið - einbýlishús að Brekkugötu 2, Garðabæ



Lýsing

Húsið er einbýlishús á tveimur hæðum. Á jarðhæð eru inngangur, stofa og borðstofa, auk bílskúrs og þvottahúss. Á efri hæð eru hjónaherbergi, bað og tvö önnur herbergi.


Megin hugmyndin í hússins er boginn veggur sem sker í gegnum hefðbundið húsform, frá norðri til suðurs. Bogaveggurinn skiptir rýminu á jarðhæð á milli eldhúss/alrýmis og setustofu og á efri hæð sker hann hjónaherbergi frá rest. Þessi veggur stingst út úr húsinu beggja vegna sem ca 30% opin skjólgrind. Þannig spilar hann lykilhlutverk í skapa skjól í norðaustanáttinni, bæði við innganginn og við veröndina sunnan hússins. Mikilvægur eiginleiki til að skapa logn við húsið og auka þannig möguleika á lengri útiveru í okkar kalda loftslagi.


Blönduð notkun efna og uppbrot byggingarmassa er hluti af kröfum deiliskipulags. Helstu efni eru anodiseraðar álpönnur og lerki klæðning. Flöt þök eru annaðhvort timburklætt svalagólf eða torfþak.

Húsið er fyrsta umhverfissvottaða íbúðarhúsið á Íslandi og fékk það vottun frá The Nordic Swan Ecolabel (Svansmerkinu) í nóvember 2017.


Upplýsingar

Nafn:	Visthúsið, - einbýlishús
Heimilisfang:	Brekkugata 2, Garðabæ
Verkkaupi:	Þórdís Hrafnkelsdóttir og Finnur Sveinsson
Arkitektar:	Batteríð Arkitektar
Landslagsarkitektar:	Landslag
Verkfræðingar:	VSB-verkfræðistofa
Innréttingahönnun:	Íva Rut Viðarsdóttir, innanhússarkitekt
Verktaki:	Mannverk ehf
Stærð:	218 m ²
Tilbúið:	2017







Visthúsið - einbýlishús að Brekkugötu 2, Garðabæ



efri hæð




jarðhæð



Visthúsið - einbýlishús að Brekkugötu 2, Garðabæ





Visthúsið - einbýlishús að Brekkugötu 2, Garðabæ

